

**Ed.**

**490. Frumvarp til laga**

[181. mál]

um breyting á lögum um tékka, nr. 94 frá 19. júní 1933.

Flm.: Pétur Benediktsson.

**1. gr.**

2. mgr. 55. gr. laga nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka, orðist svo:

Nú á gerð, er tékkarétt varðar, svo sem sýning til greiðslu eða afsögn, fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur eða dagur, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1968.

**Greinargerð.**

Í frumvarpi þessu, sem flutt er að ósk banka og sparisjóða, er lagt til, að bætt sé inn í 2. málsgrein 55. gr. laganna orðunum: „eða dagur, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar“.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu eru þær sömu og eru til grundvallar frumvarpi til breytingar á víxillögunum, sem lagt er nú samtímis fyrir Alþingi.

Hefur það færzt í aukana á undanförunum árum, að veitt sé frí á laugardögum, einkum yfir sumarmánuðina, og á þetta við um ýmsa starfshópa, t. d. starfsmenn ríkis og bæja, bankastarfsmenn o. fl.

Þar sem þjóðhátíðardagurinn og verzlunarmannafrídagurinn eru ekki löghelgir dagar, lengist ekki frestur sá, sem 2. mgr. 55. gr. l. nr. 94/1933 veitir, en þetta getur vegna hinnar almennu lokunar bæði skrifstofu notarii publici og bankastofnana á þessum dögum og laugardögum leitt til þess, að afsögn fái ekki framkvæmd innan hins lögleyfða frests, sem aftur leiðir af sér missi tékkaréttar. Er sérstaklega hættu á þessu, þegar vinna fellur niður mánudagana eftir laugardagsfrí, t. d. verzlunarmannafrídaga og þegar 17. júní fellur á mánudag, sem er í ár.

**Um 1.—2. gr.**

Þarfnast ekki skýringa fram yfir það, sem segir í greinargerð.